

56. fundur

Hafnarstjórn Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 4. júní 2008 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Símon Már Sturluson, formaður, Hrannar Pétursson, hafnarvörður, Kristinn Ó. Jónsson, Valdimar Kúld, Björgvin Ólafsson, Björgvin Guðmundsson og Erla Friðriksdóttir, hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Ársreikningur 2007.
Ársreikningur hafnarinnar fyrir árið 2007 framlagður og yfirfarinn.
2. Gjaldskrá hafnarinnar.
Samþykkt að hækka gjaldskrá hafnarinnar um u.þ.b. 12% sem er hækkun á vísitölu neysluverðs frá síðustu gjaldskrárbreytingu.
Samþykkt að taka upp skráningargjald sem er þannig að skráning í Gaflinn á afla sem ekki kemur á hafnarvog kostar 200 kr. á tonnið.
Samþykkt að taka upp heimild til að leggja tvöfalt bryggjugjald á báta sem ekki skila aflagjaldi til hafnarinnar.
Samþykkt að gjaldskrárbreyting taki gildi frá og með 1. júlí 2008.
3. Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.
Hagfræðistofnun tók saman skýrslu fyrir Siglingastofnun um fjárhagsstöðu hafna.
Skýrsla framlögð.
4. Bláfáninn.
Bláfáninn verður afhentur Stykkishólmshöfn í 6. skipti kl. 14 fimmtudaginn 5. júní.
5. Framkvæmdir á árinu 2008.
Farið yfir 4 ára samgönguáætlun 2009-2012.
6. Öryggismál.
Verið er að vinna að úrbættum á öryggismálum hafnarinnar og stefnt að því að þeim verði lokið í haust.
7. Önnur mál.
 - a) Formaður greindi frá stöðu vinnu við framtíðarsýn hafnarinnar.
 - b) Rætt um bílastæði á höfninni.
 - c) Samþykkt að fimm bílastæði við Súgandisey verði sérmerkt fyrir notendur flotbryggjunnar við Súgandisey.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.20.

Erla Friðriksdóttir (sign.), Björgvin Ólafsson (sign.), Björgvin Guðmundsson (sign.), Valdimar Kúld (sign.), Kristinn Ó. Jónsson (sign.), Hrannar Pétursson (sign.), Símon Sturluson (sign.).